



**508. fundur Þingvallanefndar**  
**11. október 2023 kl 11:30-13:00**  
**Nefndarsviði Alþingis við Austurvöll**

Mættir: Vilhjálmur Árnason, Þórarinn Ingi Pétursson, Oddný Harðardóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Tómas A. Tómasson, Andrés Ingi Jónsson og Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður. Berglind Ósk Guðmundsdóttir boðar forföll.

Formaður setur fund og stýrir.

**Dagskrá:**

**1. Sumarbústaðarmál – Hraunstígur 1- breyting á húsnæði.**

Þjóðgarðsvörður kynnir umsókn fyrir breytingu á húsnæði Hraunstígs 1 en máli hafði verið frestað í vor.

Þingvallanefnd samþykkir umsókn lóðarleiguhafa um að nýttur verði fyrirbyggjandi steiptur sökkull 16,7 m<sup>2</sup>, við sumarhúsið, til að koma fyrir viðbyggingu fyrir salerni, en ekki var fyrir salerni í sumarhúsinu. Kemur viðbyggingin í stað inngangsskúrs sem hefur verið rifinn. Verður sumarhúsið eftir framkvæmdir 52,5 m<sup>2</sup> að stærð, en er í dag skráð 43.3 m<sup>2</sup>. Skal salerni uppfylla gildandi lög og reglur þar að lútandi, en svæðið heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Þá samþykkir Þingvallanefnd almennt viðhald sumarhússins sem mun vera í lélegu ástandi, með þeim fyrirvara að framkvæmdir skulu uppfylla gildandi byggingarskilmála nefndarinnar.

**2. Frumvarp um náttúru og minjastofnun -umræða**

Formaður fer yfir tillögu að umsögn vegna draga að frumvarpi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um Náttúruverndar- og minjastofnun. Vilhjálmur Árnason, Þórarinn Ingi Pétursson, Oddný Harðardóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Tómas A. Tómasson eru samþykkt tillögu að umsögn. Þjóðgarðsverði falið að koma umsögn til Umhverfis-orku og loftslagsráðuneytisins.

Bókun frá Andrési Inga Jónssyni:

Andrés Ingi Jónsson styður ekki umsögn sem hluti nefndarinnar hyggst leggja fram gegn drögum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að frumvarpi um Náttúruverndar- og minjastofnun. Þær breytingar sem lengi hafa verið í farvatninu miða að því að einfalda, auka skilvirkni, samræma ásýnd, hafa yfirsýn og nýta samlegð þeirra aðila sem koma að málaflokknum og þar með að styrkja stöðu friðlýstra svæða

í landinu. Það er löngu tímabært að sameina þá starfsemi undir einn hatt og skipa málaflokknum þann sess sem hann á skilið í stjórnkerfinu.

Staða Þingvallanefndar er arfur frá þeirri tíð þegar Þjóðgarðinum var komið á með lögum um friðun Þingvalla, nr. 59/1928. Á þeim tíma var engum stofnunum til að dreifa sem gátu séð um friðlýst svæði og því skiljanleg ráðstöfun að setja þá umsjón í hendur Alþingis. Í dag hefur slíkum verkefnum hins vegar verið komið fyrir á of mörgum stöðum í stjórnkerfinu, sem endurspeglast í því að frumvarpsdrög ráðherrans ná til fjögurra stofnana. Sóknarfærin í sameiningum á þessu sviði eru augljós og því hefði farið betur á því að viðbrögð Þingvallanefndar hefðu verið jákvæðari.

### 3. **Steindórsbústaður - umræða um nýtingu.**

Þjóðgarðsvörður og formaður fara yfir forsögu og vinnu sem farið hefur fram vegna mögulegrar nýtingar á húsinu sem áningarstaðar fyrir gesti Þjóðgarðsins. Umræður um stærð og mögulega nýtingu sem lítils kaffi og veitingahúss. Þingvallanefnd sammála um að vinna áfram að tillögum um að nýta húsið sem áfangastað fyrir gesti með mögulegri veitingaþjónustu..

Þjóðgarðsverði falið að vinna áfram að verkefninu, frekari greiningu og mögulegar útfærslur.

Fundi slitið.